

Nefndasvið Alþingis
B.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2020.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um viðspyrnustyrki (334. mál)

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar 26. nóvember sl. um umsögn um ofangreint mál, á þingskjali 390.

Félag atvinnurekenda fagnar þingmáli þessu og telur viðspyrnustyrkina, sem lagt er upp með, mikilvægt framhald af lokunar- og tekjufallsstyrkjum sem til koma á þessu ári, dragist heimsfaraldur kórónaveirunnar enn á langinn eins og allt útlit er fyrir. Að mati FA eru beinir styrkir til fyrirtækja nauðsynlegir eins og faraldurinn hefur þróast og mun áhrifaríkari leið til að tryggja starfsemi í fyrirtækjum, verðmætasköpun og atvinnu en gjaldfresti á opinberum gjöldum og lánafyrirgreiðslu til fyrirtækja.

Athugasemdir FA snúa einkum að því, rétt eins og varðandi tekjufallsstyrkina, að skilyrðin sem sett eru fyrir stuðningi séu of þröng og fjöldi fyrirtækja, sem í raun eru ekki rekstrarhæf vegna tekjufalls, fái ekki stuðning.


Sú reynsla sem komin er á stuðningsaðgerðir stjórnvalda við atvinnulífið virðist sýna að þeir fjármunir, sem ráðstafað var til einstakra aðgerða, hafi gengið síður og/eða hægar út en áætlað var í upphafi og geta óaðgengileg skilyrði ráðið þar miklu um. FA vill ítreka það sem komið hefur fram í fyrri umsögnum félagsins; að stuðningsúrræði ríkisins verði endurskoðuð í heild með hliðsjón af reynslunni af þeim og þróun faraldursins. Bendir félagið m.a. á skýrslu eftirlitsnefndar með lánum með ríkisábyrgð um framkvæmd á veitingu stuðningslána (331. mál) sem dreift var á Alþingi 24. nóvember og þær ábendingar og tillögur til úrbóta sem þar koma fram.

FA leggur til að styrkir miðist við minna tekjufall en 60%, t.d. 40%. Það er engu að síður högg sem reynist fjölda fyrirtækja nánast óyfirtíganlegt.

Jafnframt þarf að gæta að því að binding styrkjanna við stöðugildi verði ekki til þess að fyrirtæki, sem hafa fækkað stöðugildum niður í nánast ekki neitt meðan á faraldrinum stendur en hafa engu að síður verulegan rekstrarkostnað, t.d. vegna húsnæðis sem þau geta ekki losað eða samninga sem ekki verður sagt upp, fái ekki stuðning. Mikilvægasta markmið styrkjanna er að viðhalda starfsemi í fyrirtækjunum og þar með atvinnu fólks og að fyrirtæki geti nýtt styrkina til að fjölga stöðugildum á ný. Að mati FA getur þurft að breyta 5. gr. frumvarpsins þannig að horft sé til stöðugilda á viðmiðunartímabilinu.

FA áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Steinhensen
framkvæmdastjóri FA